

## REGLUGERÐ

### um línuívilnun.

#### 1. gr.

Frá og með 1. september 2009 má við línuveiðar dagróðrabáta í einstökum róðrum landa 16% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Heimild þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að línan sé beitt í landi og ekki séu önnur veiðarfæri um borð í bátnum.
2. Að bátur komi til löndunar í höfn þeirri þar sem línan var tekin um borð innan 24 klukkustunda frá því að haldið var til veiða úr þeirri höfn.
3. Að sjálfvirkt tilkynningakerfi bátsins sé virkt.
4. Að skipstjóri tilkynni um upphaf og lok róðurs skv. 4. gr.
5. Að við skráningu afla í löndunarhöfn, í aflaupplýsingakerfið Gafli, komi fram, að veiðarfæri í tilteknum róðri hafi verið landbeitt lína samkvæmt upplýsingum skipstjóra.

#### 2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal línuívilnun í þorski á hverju fiskveiðiári takmarkast við 3.375 lestir, 2.100 lestir af ýsu og 700 lestir af steinbít, miðað við óslægðan fisk, sem skiptast þannig innan fiskveiðiársins:

	Tímabil	Þorskur	Ýsa	Steinbítur
1.	September – nóvember	1.080	903	32
2.	Desember – febrúar	1.280	673	70
3.	Mars – maí	770	388	425
4.	Júní – ágúst	245	136	173

#### 3. gr.

Fiskistofa fylgist með línuafli og tilkynnir ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að viðmiðunarafla hvers tímabils verði náð sbr. 2. gr. Náist ekki að veiða viðmiðunarafla einhvers tímabils bætast ónýttar heimildir við viðmiðunarafla næsta tímabils á eftir. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða degi tiltekinn afli reiknast að fullu til aflamarks.

#### 4. gr.

Skipstjóri skal tilkynna Fiskistofu um upphaf róðurs áður en lagt er úr höfn. Telst róður hafinn þegar tilkynning er send. Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu þegar komið er til hafnar til löndunar. Tilkynningar skal senda í gegnum Símalínu, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu. Í tilkynningu skal koma fram frá hvaða höfn bátur rær sbr. 2. tl. 1. gr.

Línuívilnun reiknast aðeins á þann afla sem endanlega er vigtaður hér á landi samkvæmt ákvæðum gildandi reglugerðar um vigtun sjávarafli, með síðari breytingum.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í 11. gr. laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2009. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 741, 24. júlí 2008, um línuívilnun.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 30. júlí 2009.*

**Jón Bjarnason.**

*Steinar Ingi Matthíasson.*